



Fundur í byggðaráði

51. fundur byggðaráðs Langanesbyggðar, haldinn á skrifstofu sveitarfélagsins að Langanesvegi 2 fimmtudaginn 10. febrúar 2022. Fundur var settur kl. 12:00.

Mætt voru: Þorsteinn Ægir Egilsson formaður, Mirjam Blekkenhorst, Siggeir Stefánsson, Svala Sævarsdóttir sem ritaði fundargerð og Jónas Egilsson sveitarstjóri.

Davíð Örn Hansson, sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun var gestur fundarins í fjarfundarsambandi, undir lið 1 á fundinum.

Formaður setti fund og spurði hvort gerð væri athugasemd við fundarboð.

Var það samþykkt og var því næst gengið til dagskrár.

Fundargerð

1. Möguleg friðun Langaness

Davíð Örn Hansson fór yfir ferli vegna mögulegrar friðlýsingar á Langanesi. Lagt var fram minnisblað á fundinum um ferli málsins.

Bókun um afgreiðslu: Málinu vísað til sveitarstjórnar.

Samþykkt.

2. Fundargerð 10. fundar rekstrarstjórnar Nausts dags 10. maí 2021

Fundargerðin lögð fram.

3. Fundargerð 8. fundar Hverfisráðs Bakkafjarðar dags. 3. febrúar 2021

Fundargerðin lögð fram.

4. Fundargerðir nr. 1, 2 og 3 frá vinnuhópi um málefni aðfluttra

Fundargerðirnar lagðar fram.

5. Aukið varaafli á Þórshöfn, ódags. bréf RARIK

Bréfið lagt fram.

6. Öldrunarmál – sveitarstjóri skipaður sem varamaður í ráðgjafanefnd

Sveitarstjóri hefur verið skipaður sem varamaður í ráðgjafanefnd af hálfu Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir ráðherra og ríkisstjórn um málefni aldraðra. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga dags. 4. þ.m. og ósk frá ráðuneytinu dags. 18. janúar sl. lögð fram.

7. Tillaga til Langanesbyggðar um framtíðarfyrirkomulag Bryggjudaga



Erindi frá stjórn bæjarhátíðarinnar Bryggjudaga, dags. 20. september 2020 lagt fram að nýju til upplýsinga. Formaður fór yfir málið.

8. Ver – staða

Sveitarstjóri kynnti stöðuna.

9. Samningur við Íslandspóst vegna dreifingar pósts á Þórshöfn

Lögð voru fram drög að samningi Fjarðarvegar 5 ehf. við Íslandspóst ohf. vegna leigu á húsnæði að Fjarðarvegi 5 og um starfrækslu póstafréiðslu í húsinu og dreifingu pósts á Þórshöfn. Sveitarstjóri kynnti málið.

Bókun um afgreiðslu: Málinu vísað til sveitarstjórnar.

Samþykkt.

10. Rekstraryfirlit fyrir árið 2021 A og B hluti – 1. drög til kynningar

Rekstraryfirlit fyrir A og B hluta á árinu 2021 lagt fram til kynningar. Fyrri umræða um ársreikning í sveitarstjórn verður væntanlega 24. mars og síðari 20. apríl nk. og fyrri umræða í byggðaráði 10. mars nk.

Fundargerðin lesin upp og samþykkt samhljóða.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:34.